

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu fyrir
útlendinga sem sætt hafa niðurfellingu réttinda.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

- Hvaða heilbrigðisþjónusta er í boði fyrir útlendinga sem sætt hafa niðurfellingu réttinda á grundvelli 8. mgr. 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016?
- Hversu margir einstaklingar í þessari stöðu hafa leitað eftir heilbrigðisþjónustu og verið vísað frá eftir gildistöku laga nr. 14/2023?
- Hver greiðir veitta heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga í þessari stöðu?
- Telur ráðherra að fyrirkomulagið sé vænlegt til frambúðar?
- Eru einhverjar breytingar á fyrirkomulaginu í undirbúningi í ráðuneytinu? Ef svo er, hvers eðlis eru breytingarnar og hversu langt er undirbúningur kominn?

Skriflegt svar óskast.